

Umsögn

Viðtakandi: Skipulagsnefnd

Efni: Umsögn til skipulagsnefndar um aðkomumerki

Dags: 8. nóvember 2023

Málsnúmer: 202309680/19.0

Sendandi: Kristinn Pálsson, Skipulagsfulltrúi

Forsaga:

Erindi barst frá Elínu Guðnýju Hlöðversdóttur, f.h. íbúasamtaka Leirvogstunguhverfis, dags. 28.09.2023, vegna hugmynda um tvö ný aðkomumerki Leirvogstunguhverfis. Óskað er eftir heimild til þess að setja upp merkin, í samræmi við gögn, og að sveitarfélagið leggi til rafmagnsleiðslur og rafmagn svo lýsa megi þau upp.

Skipulagsnefnd tók erindið fyrir á 597. fundi sínum þann 06.10.2023. Með afgreiðslu sinni vísaði hún því til umsagnar á umhverfissviði.

Greinargerð:

Í erindi málsaðila kom fram að íbúasamtökin vildu setja upp skilti með lýsingu við hverfi sitt í Leirvogstungu. Meðfylgjandi voru tvær tillögur að útfærslu merkisins þar sem á stendur „Velkomin í Leirvogstungu – Sérbylí í sveit“. Í samskiptum umhverfissviðs við málsaðila hefur komið fram að fyrirmynd merkingarinnar er merki Urriðaholts í Garðabæ. Erindið miðar að aðstoð við staðarval og heimild til þess að koma því fyrir á bæjarlandi. Umfjöllun skipulagsnefndar miðar af þeim tveimur þáttum þar sem þátttaka við framkvæmdir og kostnað yrði ákvörðuð af bæjarráði.

Starfsfólk á umhverfissviði hefur lagt mat á tillöguna, rætt úrfærslu og litið til framtíðar um möguleg áhrif merkinga af þessu tagi í sveitarfélaginu öllu. Skipulagsfulltrúi annaðist ritun samantektar og fer fyrir henni.

Umsögn:

Undirritaður telur hug íbúa Leirvogstunguhverfis góðan þar sem áhersla er lögð á að hafa áhrif á umhverfi byggðarinnar með einum eða öðrum hætti. Þannig virðist sem að íbúar hafi myndað einhug um tillöguna, a.m.k. stjórn íbúasamtakanna. Það er jákvætt þegar íbúar líta á nærumhverfi sitt í stærra samhengi en frágang lóða eða húsbygginga sinna. Þar með litið til bæjarins í heild og ásýndar hans.

Skipulagsfulltrúi telur þó óljóst hvaða fordæmisgildi umrætt skilti muni gefa um aðrar merkingar í sveitarfélaginu. Hvort að uppsetning, hönnun, útfærsla og kostnaður sé á höndum íbúa hvers hverfis fyrir sig. Þar með megi halla á sambærilegar framkvæmdir í minni hverfum eða á öðrum svæðum þar sem ekki hefur verið einhugur um slíkar útfærslur.

Ljóst er að með merkingunni eru íbúar í Leirvogstunguhverfi að skapa sér sérstöðu með merkingum beggja aðkomuleiða inn og út úr hverfinu. Þar með skapast nýtt vörumerki um eitt tiltekið hverfi í sveitarfélaginu með slagorði sem með góðu móti mætti þýða yfir á önnur hverfi bæjarins. Telur undirritaður slíka þróun neikvæða með vísan í eftirfarandi rökstuðning.

Deiliskipulag Leirvogstunguhverfis var samþykkt þann 28.06.2006 eftir breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 þar sem landbúnaðarsvæði var breytt í íbúðarsvæði. Með aðalskipulagsbreytingu var lögð áhersla á að tengja hið nýja hverfi Mosfellsbæjar að Leirvogstungu við eldri byggð með nýjum tengiveg Tunguvegar. Deiliskipulag Tunguvegar var svo samþykkt með tengingu að Leirvogstunguhverfi þann 18.02.2009. Vegurinn var talinn mikilvægur hlekkur í því að mynda samfellu innan bæjarins svo hverfið að Leirvogstungu væri sem hluti byggðarinnar.

Ljóst er að Leirvogstunguhverfið nýtur nokkurrar landfræðilegrar sérstöðu innan Mosfellsbæjar. Það liggur í aflíðandi landi afmarkað af Köldukvísl, Leirvogsa og Vesturlandsvegi. Fá íbúðarsvæði Mosfellsbæjar njóta slíkrar afmörkunar ef frá er talinn suðurhluti Mosfellsdalsins. Víða í sveitarfélaginu er þó að finna ýmsa afmörkun sem skipulag og framkvæmdir hafa stuðlað að svo byggja megi upp sveitarfélagið sem eina heild. Stærsta hindrun Mosfellsbæjar er Vesturlandsvegurinn sem klýfur bæinn í tvennt. Aðrir þættir aðgreiningar eru náttúrulegir svo sem vegna fjölda árfarvega sem renna út í Leiruvog auk þeirra fjölda fjalla og fella sem umlykja bæjarstæðið. Vegir, göngubrýr og aðrir samgöngustígar hafa unnið gegn þessum þáttum.

Markmið aðalskipulags Mosfellsbæjar er að skapa einn bæ þar sem Mosfellingum mun í framtíðinni gefast kostur á að lifa, starfa og leika sér innan sveitarfélagamarka. Er slík uppbygging og þróun háð mörgum þáttum. Einn þeirra er að skapa þétta og samfellda byggð þar sem hverfi eru sjálfbær með nálægð og tengingum við verslun- og samfélagsþjónustu. Í frumdrögum nýs aðalskipulags er gengið lengra í þá átt með frekari tengingum og nýjum íbúðarsvæðum sem tengja þau eldri saman. Er mikilvægt að íbúar geti farið milli hverfa og upplifi þau sem eina heild sveitarfélagsins þó hvert og eitt þeirra hafi sérstöðu sökum byggðarmynsturs eða einkenni þess tíma sem þau byggjast upp á. Skipulag Mosfellsbæjar gerir því ekki ráð fyrir afgerandi aðgreiningu hverfa eða hverfahluta því ljóst megi virðast að einstaka svæði skapi betri samfellu en önnur. Þá verði að líta á Mosfellsbæ sem eina heild. Þekkt þáð vel í öðrum sveitarfélögum, jafnt og Mosfellsbæ, að í tungutaki heimamanna séu hverfi og bæjarhlutar jafnan aðgreindir með sérheiti. Auðveldar það aðgreiningu við ýmis tilefni. Í aðalskipulagi Mosfellsbæjar er slíkt hið sama gert til þess að nefna íbúðarfláka og fleka til þess að auðvelda umfjöllun.

Fá dæmi eru þekkt um aðkomu- og aðgreiningarmerki fyrir hverfi eða hverfahluta. Í samskiptum við málsaðila hefur komið fram að litið hafi verið til fordæmis um merki fyrir Urriðaholt. Tvo ólík skilti hafa verið sett upp við einu aðkomu og tengingu hverfisins. Hverfið var stórt uppbyggingarverkefni í Garðabæ og land í eigu einkaaðila. Líta verður til þess að umrætt merki hefur verið sett upp á markaðslegum forsendum með ímyndasköpun svæðis í huga þar sem lóðir, byggingarréttur eða íbúðir yrðu seldar í framtíðinni. Merkið var síðar uppfært, gert íburðarmeira, í takt við framvindu uppbyggingar á svæðinu. Framsetning og ákvörðun um sérstöðu kemur því ekki frá íbúum hverfisins heldur sem hluti markaðssetningar. Hafa fleiri uppbyggingarreitir innan höfuðborgarinnar fengið hin ýmsu nöfn, einkennismerki og tímabundna vefsíður sökum sölu eignanna. Uppbyggingarverkefni og eignarlönd hafa jafnvel skipt um nöfn til þess að tryggja, auka og bæta ímynd þeirra. Leirvogstunguhverfið er að mestu fullbyggt þar sem síðustu húsin eru í byggingu og frágangur innviða yfirstandandi. Svæðið er því ekki til sölu og markaðssetning fasteigna aðeins því sem nemur einstaka birtingum eigna hjá fasteignasölum. Ekki er þörf á að breyta eða bæta ímynd Leirvogstunguhverfis umfram þá glæstu uppbyggingu sem þar hefur verið unnið að síðastliðin 15 ár.

Mosfellsbær er þétt og samstillt samfélag sem býr á vandlega afmörkuðu landsvæði þéttbýlisins. Bærinn nýtur nokkurrar sérstöðu meðal höfuðborgarinnar sökum grænnar ásýndar og ímyndar um nálægð við fjölbreytta útvist og fjallgöngur. Það hafa verið einkennisorð sveitarfélagsins að skilgreina sig sem „Sveit í borg“ þar sem skilningur þess hugtaks er helst sá að bæjarstæðið er í nálægð við sveitina þó íbúar upplifi og njóti tækifæra og þjónustu sem höfuðborgin hefur upp á að bjóða. Einbýlishúsabyggð og sérbýlishúsakostur einkennir byggðarmynstur Mosfellsbæjar og því má segja að slagorð Leirvogstunguhverfis „Sérbyli í sveit“ megi heimfæra á felst öll hverfi sveitarfélagsins. Slagorðið er því náskýlt óformlegum einkennisorðum Mosfellsbæjar. Leirvogstunguhverfið er ekki talið

búa fyrir slíkri sérstöðu að umrædd orð eigi við um það svæði eitt og sér, þó íbúar geti vissulega upplifað sérkenni orðanna sökum landfræðilegrar staðsetningar hverfisins.

Tillaga að merkingu Leirvogstungu (Leirvogstunguhverfis) minnir því helst á aðkomumerkingar sveitarfélaga til aðgreiningar frá öðrum landshlutum. Mosfellsbær efndi til opinnar hugmynda- og hönnunarsamkeppni um aðkomutákn sveitarfélagsins á 30 ára afmælisári bæjarins 2019. Stefnt var að því að merkja helstu umferðaræðar bæjarins með áberandi hætti. Eitt merki hefur verið sett upp við Vesturlandsveg á mörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkur.

Í upphafi ársins 2022 frumsýndi Mosfellsbær nýtt útlit og ásýnd sveitarfélagsins í endurhönnuðu myndmáli og grafík. Vörumerki Mosfellsbæjar hafði hlotið yfirhalningu með bættu litarvali, nýju letri og einkennandi táknmyndum sem prýða nú vef bæjarins, fána, auglýsingar og annað markaðsefni. Ímynd og ásýnd sveitarfélagsins út á við er mikilvægur liður í því að skapa sér sérstöðu meðal annarra sveitarfélaga en einnig til þess að sameina íbúa þess og þjónustu. Þannig geti íbúar tengt við þá ásýnd og framsetningu sem sitt sveitarfélag leggur áherslu á, þekkt aðkomu þess að viðburðum og skilaboð bæjarins til almennings. Hönnunarstofan Kolafon vann að nýrri ásýnd og teiknaði upp tákn sem kallast á við kennileiti, byggingar og landslag sveitarfélagsins. Um er að ræða heildstætt yfirbragð sem sameinar ásýnd sveitarfélagsins.

Tillaga:

Með vísan í rökstuðning er talið mikilvægt að leggja áherslu á einingu í sveitarfélaginu þar sem byggð er hugsuð sem ein heild og samfella. Ekki skuli huga að hverfaskiptingu með afgerandi táknrænum hætti. Sé talin þörf á því að merkja betur hverfi sveitarfélagsins, bæjarhluta eða staðhætti, skuli frekar huga að slíku með heildstæðum hætti jafnvel undir þeim táknumyndum, litum, grafík og framsetningu sem Mosfellsbær hefur tileinkað sér. Slíkt skuli þá vera á forræði sveitarfélagsins svo ekki þurfi að reiða sig á fjárhag, getu eða samstöðu íbúa einstakra hverfa.

Líkt og fyrr hefur komið er jákvætt að íbúar sveitarfélagsins skuli horfa á umhverfi sitt og ásýnd með umræddum hætti. Framtak íbúa og samtaða er til fyrirmyndar. Þrátt fyrir að tillagan sé ekki talin falla að ásýnd og stefnu Mosfellsbæjar er ekki sagt að hugmyndin sjálf sé slæm, enda virðist hún lögð fram að heilum hug íbúa.

*Virðingarfyllt,
Kristinn Pálsson*